

Mánudaginn 25. nóvember 1957.

Nr. 22/1957. **Ákærvaldið** (Kjartan Ragnars hrl.)

gegn

Stefáni Andreasi Pálssyni,

(Ragnar Ólafsson hrl.)

Grétari Emil Ingvasyni,

(Sigurður Ólason hrl.)

Kristjáni Ágústssyni,

(Ragnar Jónsson hrl.)

Stefáni Ólafi Gíslasyni,

(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)

Tómasi Kristjánssyni,

Leifi Böðvarssyni,

Péttri Hafliða Ólafssyni,

(Einar B. Guðmundsson hrl.)

Gerhard Olsen,

Edward Kristni Olsen,

(Jón N. Sigurðsson hrl.)

Magnúsi Bjarnasyni,

Margréti Dagbjörtu Bjarnadóttur,

Jónasi Thoroddsen

og

Einari Egilssyni (Einar B. Guðmundsson hrl.)

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal og Einar Arnalds borgardómar.

Brot á gjaldeyrislöggjöf, bókhaldslögum og 1. mgr. 146. gr. laga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir að dómur í máli þessu gekk í héraði, hefur farið fram framhaldsrannsókn samkvæmt úrskurði Hæstaréttar 5. júní þ. á.

Eins og greint er í héraðsdómi, hafði ákærði Stefán Andreas Pálsson fengið keyptar hjá Útvegsbanka Íslands h/f 88 tékkávisanir, samtals að fjárhæð 228.031.50 bandaríska dollara, á tímabilinu frá 27. nóvember 1953 til 13. júlí 1955. Allan þann tíma fóru kaupin fram með stuttu milli-bili, minnst 1 tékkávisun og mest 7 tékkávisanir á mán-

uði. Í gjaldeyrisbeiðnunum lýsti Stefán því jafnan, að hann ætlaði að nota gjaldeyrinn til kaupa á veiðarfærum. Í framhaldsprófunum er leitt í ljós, að tveir starfsmenn Útvegsbankans höfðu til skiptis tekið við gjaldeyrisumsóknunum fyrir hönd bankans og samþykkt þær, án þess að umsóknirnar kæmu til athugunar hjá þáverandi bankastjórum Útvegsbankans, enda hafa allir bankastjórnir lýst því fyrir dómi, að gjaldeyrisumsóknir almennt hafi ekki verið bornar undir þá, heldur afgreiddar sjálfstætt af gjaldeyrisdeild bankans. Þá kom það og fram í framhaldsprófunum, að gjaldeyrisumsóknir ákærða Stefáns Andreasar voru, eins og aðrar slíkar umsóknir, lagðar fyrir sameiginlega nefnd Landsbanka Íslands og Útvegsbankans, svonefnda milli-bankanefnd. Samkvæmt gerðabókum þeirrar nefndar voru allar umsóknirnar samþykktar þar, enda hafa nefndarmenn lýst því, að umsóknir um gjaldeyri til kaupa á útgerðarvörum hafi jafnan verið samþykktar.

Ákærði Stefán Andreas Pálsson kom að nýju fyrir dóm, er framhaldspróf voru háð. Gerði hann þar nokkra grein fyrir víxlaviðskiptum sínum, en um ráðstöfun á hagnaði af dollarasölunni leiddi skýrsla hans ekki neitt nýtt í ljós.

Ákærði Grétar Emil Ingvason kom einnig að nýju fyrir dóm. Kvaðst hann engin bréfaskipti hafa átt við firmu þau í Bandaríkjunum, sem í málinu greinir, og eigi kvaðst hann vita til, að aðrir en hann hefðu átt skipti við ákærða Stefán Andreas um kaup dollaraávisana.

Aðalræðismaður Íslands í New York tók skýrslu af ákærða Kristjáni Ágústssyni 5. júlí þ. á. Kvaðst Kristján ekki hafa átt nein viðskipti við firmað Edda International Corporation, en hins vegar átt lítills háttar bréfaskipti við firmun Henderson & Co. Inc. og Sternin Hosiery Co. Hafi hann ekki hirt um að halda þeim bréfum til haga og geti því ekki lagt fram afrit af þeim. Þá synjaði hann áskorun um að leggja fram afrit af bankareikningi sínum við The National City Bank of New York á þeim tíma, er hér skiptir máli. Kvaðst hann hafa átt fleiri viðskipti við nefndan banka en þau, sem mál þetta fjallar um, og gæti því framlagning afrita af bankareikningnum valdið misskilningi.

Atvik málsins, eins og þau lágu fyrir héraðsdómi, eru

rækilega rakin í I.—X. kafla hins áfrýjaða dóms. Að því er varðar frásögn héraðsdómara í XI. kafla dómsins um skýrslu endurskoðanda, skal þess getið, að endurskoðuninni var í ýmsum atriðum áfátt, og er henni þess vegna ekki að fullu treystandi.

1. Brot ákærða Stefáns Andreasar Pálssonar eru rétt færð til refsíákvæða í hinum áfrýjaða dómi. Staðfesta má þá niðurstöðu héraðsdóms, að Stefán er dæmdur sýkn af broti á ákvæðum 248. gr. laga nr. 19/1940, með því að önnur refsíákvæði, sem hann er dæmdur eftir, tæma sök hans. Með skírskotun til refsíákvæða þeirra, sem greind eru í héraðsdómi, sbr. 2. mgr. 49. gr. og 72. gr. laga nr. 19/1940, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 6 mánuði og fésekt til ríkissjóðs, kr. 120.000.00, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um það, að ákærði sé sviptur ævilangt rétti til að reka stórsölu.

Þá ber og með skírskotun til þeirra lagaákvæða, sem greind eru í héraðsdómi, að dæma upptækan til ríkissjóðs ólöglegan ágóða ákærða, að fjárhæð kr. 1.271.958.98 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1955 til greiðsludags.

2. Ákærði Grétar Emil Ingvason hefur lýst því, að sala hans á gjaldeyri, er hann fékk ólöglega úr höndum ákærða Stefáns, hafi eigi numið minna en 30.000 dollurum. Hann hefur og skýrt svo frá, að ágóði hans af sölunni hafi eigi numið minna en einni krónu af hverjum seldum dollara, þ. e. samtals kr. 30.000.00.

Brot ákærða eru rétt færð til refsíákvæða í hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt refsíákvæðum þessum og 72. gr. laga nr. 19/1940 svo og með tilliti til þess, að telja má ágóða ákærða af dollarasölunni mun meiri en að framan greinir, þykir refsing hans hæfilega ákveðin sekt til ríkissjóðs, kr. 130.000.00, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947, 11. gr. laga nr. 88/1953 og 3. tölulið 1. mgr. sbr. 2. mgr. 69. gr. laga nr. 19/1940 að dæma upptækan til handa ríkis-

sjóði framangreindan ólögmetan ágóða ákærða, kr 30.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1955.

3. Brot ákærða Kristjáns Ágústssonar eru í héraðsdómi rétt færð til refsíákvæða. Ekki hefur verið leitt í ljós, hversu hárrí fjárhæð ólöglegur ágóði hans hefur numið, en víst má telja, að um mikinn hagnað hefur verið að ræða. Að þessu athuguðu þykir refsing ákærða samkvæmt greindum refsíákvæðum, sbr. 72. gr. laga nr. 19/1940, hæfilega ákveðin sekt til ríkissjóðs, kr. 180.000.00, og komi varðhald 10 mánuði í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með því að ákærði hefur gerzt sekur um stórfellt brot á gjaldeyrislöggjöf og bókhaldslöggjöf, þykir rétt samkvæmt 19. gr. laga nr. 62/1938, 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 að svipta hann rétti til að reka stórsölu og smásölu fimm ár frá birtingu dóms þessa.

4. Með gjaldeyriskaupum þeim, er greinir í héraðsdómi, hefur ákærði Stefán Ólafur Gíslason brotið gegn 1. mgr. 3. gr. sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr. 13. gr., sbr. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin sekt til ríkissjóðs, kr. 3000.00, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

5. Ákærði Tómas Kristjánsson hefur með því að kaupa af ákærða Grétari Emil um 4000 dollara, eins og í héraðsdómi segir, gerzt sekur við refsíákvæði þau, er greinir í 4. tölulið hér á undan. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

6. Ákærði Leifur Böðvarsson hefur skýrt svo frá, að áður en hann fór til Spánar í janúar 1955, hafi hann beðið ákærða Tómas að útvega gjaldeyri og senda sér til Spánar. Hann kveðst síðar hafa fengið tvær dollarasendingar frá Ameríku, en ekki vitað, hvernig þeirra var aflað. Er ekki leitt í ljós, að honum hafi verið kunnugt um, að um ólöglega gjaldeyrisöflun var að ræða. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

7. Gjaldetriskaup ákærða Péturs Hafliða Ólafssonar, þau

er í héraðsdómi greinir, varða við refsíákvæði þau, sem rakin eru í 4. tölulið hér að framan. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin í héraðsdómi kr. 500.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 4 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

8. Með gjaldeyriskaupum þeim, sem í héraðsdómi greinir, hefur ákærði Gerhard Olsen gerzt sekur við refsíákvæði þau, sem talin eru í 4. tölulið hér að framan. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

9. Gjalddeyriskaup ákærða Edwards Kristins Olsens, sem hann er sakfelldur fyrir í héraðsdómi, varða við refsíákvæði þau, sem greinir í 4. tölulið hér að framan. Ákveðst refsing hans 3000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

10. Ákærði Magnús Bjarnason hefur með milligöngu þeirri, sem í héraðsdómi greinir, um kaup á gjaldeyri fyrir ákærða Margréti Dagbjörtu Bjarnadóttur gerzt sekur við refsíákvæði þau, sem getið er í 4. tölulið hér að framan, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin í héraðsdómi 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 4 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

11. Ákærði Margrét Dagbjört Bjarnadóttir hefur með gjaldeyriskaupum þeim, sem lýst er í héraðsdómi, brotið gegn refsíákvæðum þeim, sem greind eru í 4. tölulið hér að framan. Ákveðst refsing hennar 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 7 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

12. Ákærði Jónas Thoroddsen hefur með milligöngu þeirri, sem lýst er í héraðsdómi, um kaup á gjaldeyri fyrir ákærða Einar Egilsson gerzt sekur við refsíákvæði þau, sem greind eru í 4. tölulið hér að framan, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin í héraðsdómi 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi

varðhald 4 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

13. Ákærði Einar Egilsson hefur með gjaldeyriskaupum þeim, sem lýst er í héraðsdómi, brotið gegn þeim refsí-ákvæðum, sem greind eru í 4. tölulið hér að framan. Ákveðst refsing hans 3000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Um greiðslu sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti athugast. Sök hinna ákærðu Stefáns Andreasar Pálssonar, Grétars Emils Ingvasonar og Kristjáns Ágústssonar er þannig háttað, að rannsókn og meðferð málsins hefur orðið mjög umfangsmikil og tímafrek. Brot annarra sakaraðilja eru hins vegar minni háttar, en af framangreindum ástæðum hefur rannsókn máls og málflutningur, að því er til þeirra tekur, orðið að miklum mun kostnaðarsamari en efni stóðu til. Þykir því rétt, að ríkissjóður greiði málsvarnarlaun þeirra að hálfu. Endurskoðun var nauðsynleg vegna rannsókna á brotum hinna ákærðu Stefáns Andreasar, Grétars Emils og Kristjáns, en þar sem henni var að ýmsu leyti áfátt, eins og áður var getið, þykir rétt, að ríkissjóður beri kostnað af henni að hálfu. Samkvæmt þessu fer um greiðslu sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti sem hér segir:

Ákærði Stefán Andreas Pálsson greiði málflutningslaun skipaðs verjandi síns í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00.

Ákærði Grétar Emil Ingvason greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00.

Ákærði Kristján Ágústsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00.

Málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða Stefáns Ólafs Gíslasonar í héraði ákveðast kr. 2000.00 og málflutningslaun skipaðs verjanda hans í Hæstarétti kr. 4000.00. Ber ákærða Stefáni Ólafi að greiða laun þessi að hálfu, en ríkissjóði að hálfu.

Málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða Leifs Böðvars-

sonar í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða Tómasar Kristjánssonar í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2500.00, greiðist að hálfu af ákærða og að hálfu úr ríkissjóði.

Málflutningslaun skipaðs verjanda ákærðu Péturs Hafliða Ólafssonar, Magnúsar Bjarnasonar, Margrétar Dagbjartar Bjarnadóttur, Jónasar Thoroddsens og Einars Egilssonar fyrir Hæstarétti, kr. 7000.00, greiði þessi ákærðu að hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

Málflutningslaun skipaðs verjanda ákærðu Gerhards Olsens og Edwards Kristins Olsens í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 7000.00, greiði þessir ákærðu að hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

Endurskoðunarkostnað í máli þessu greiði ákærðu Stefán Andreas, Grétar Emil og Kristján in solidum að hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00, greiði ákærðu Stefán Andreas, Grétar Emil og Kristján in solidum að 5/6. hlutum, en 1/6. hluta greiði ákærðu Stefán Ólafur, Tómas, Pétur Hafliði, Gerhard, Edward Kristinn, Magnús, Margrét Dagbjört, Jónas og Einar.

Það athugast, að málsmeðferð, að því er snertir hina ákærðu Stefán Andreas, Grétar Emil og Kristján, hefði átt að haga samkvæmt 131.—136. gr. laga nr. 27/1951, sbr. a- og b-lið 2. tölulíðs 130. gr. sömu laga.

Dómsorð:

Ákærði Stefán Andreas Pálsson sæti varðhaldi 6 mánuði og greiði kr. 120.000.00 sekt til ríkissjóðs. Ef sektin verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi í hennar stað varðhald 8 mánuði. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu stórsöluleyfis á að vera óraskað. Ólöglegur hagnaður ákærða, kr. 1.271.958.98 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1955 til greiðsludags, skal vera upptækur til ríkissjóðs.

Ákærði Grétar Emil Ingvason greiði kr. 130.000.00

sekt til rikissjóðs, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ólöglegur hagnaður hans, kr. 30.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1955 til greiðsludags, skal vera upptækur til rikissjóðs.

Ákærði Kristján Ágústsson greiði kr. 180.000.00 sekt til rikissjóðs, og komi varðhald 10 mánuði í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur rétti til að reka stórsölu og smásölu 5 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu Stefán Ólafur Gíslason, Tómas Kristjánsson, Gerhard Olsen, Edward Kristinn Olsen og Einar Egilsson greiði hver um sig kr. 3000.00 sekt til rikissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektar hvers þeirra, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærðu Pétur Hafliði Ólafsson, Magnús Bjarnason og Jónas Thoroddsen greiði hver um sig kr. 500.00 sekt til rikissjóðs, og komi varðhald 4 daga í stað sektar hvers þeirra, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði Margrét Dagbjört Bjarnadóttir greiði kr. 1000.00 sekt til rikissjóðs, og komi varðhald 7 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Leifur Böðvarsson á að vera sýkn af kröfum um ákærvaldsins í máli þessu.

Ákærði Stefán Andreas Pálsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 12.000.00.

Ákærði Grétar Emil Ingvason greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 12.000.00.

Ákærði Kristján Ágústsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 12.000.00.

Ákærði Stefán Ólafur Gíslason greiði að hálfu málflutningslaun skipaðs verjanda síns í héraði, Guðjóns Hólms héraðsdómslögmanns, kr. 2000.00, og skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Sigurgeirs Sigurjónssonar, hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00, en að hálfu greiðist málflutningslaun þessi hvor tveggja úr ríkissjóði.

Málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða Leifs Böðvarssonar í héraði og fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar, hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 2500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Tómas Kristjánsson greiði að hálfu málflutningslaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 2500.00, en að hálfu greiðist þau úr ríkissjóði.

Ákærðu Pétur Hafliði Ólafsson, Magnús Bjarnason, Margrét Dagbjört Bjarnadóttir, Jónas Thoroddsen og Einar Egilsson greiði að hálfu málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7000.00, en að hálfu greiðist þau úr ríkissjóði.

Ákærðu Gerhard Olsen og Edward Kristinn Olsen greiði að hálfu málflutningslaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns N. Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7000.00, en að hálfu greiðist þau úr ríkissjóði.

Endurskoðunarkostnað í málinu greiði ákærðu Stefán Andreas, Grétar Emil og Kristján in solidum að hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

Allan annan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir

Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Kjartans Ragnars hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00, greiði ákærðu Stefán Andreas, Grétar Emil og Kristján in solidum að 5/6. hlutum, en 1/6. hluta greiði ákærðu Stefán Ólafur, Tómas, Pétur Hafliði, Gerhard, Edward Kristinn, Magnús, Margrét Dagbjört, Jónas og Einar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. nóvember 1956.

Ár 1956, miðvikudaginn 21. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4692—4704/1956: Ákærvaldið gegn Stefáni Andreasi Pálssyni, Grétari Emil Ingvasyni, Kristjáni Ágústssyni, Stefáni Ólafi Gíslasyni, Tómasi Kristjánssyni, Leifi Böðvarssyni, Pétri Hafliða Ólafssyni, Gerhard Olsen, Edward Kristni Olsen, Magnúsi Bjarnasyni, Margréti Dagbjörtu Bjarnadóttur, Jónasi Thoroddsen og Einari Egilssyni, en mál þetta var dómtekið í gær.

Málið er höfðað gegn Stefáni Andreasi Pálssyni kaupmanni, til heimils á Flókagötu 45, Reykjavík, Grétar Emil Ingvasyni bókara, Hlíðargerði 13, Reykjavík, Kristjáni Ágústssyni heildsala, Lynghaga 21, Reykjavík, Stefáni Ólafi Gíslasyni flugmanni, Hátröð 9, Kópavogi, Tómasi Kristjánssyni heildsala, Kvisthaga 17, Reykjavík, Leifi Böðvarssyni fyrrverandi útgerðarmanni, Flókagötu 41, Reykjavík, Pétri Hafliða Ólafssyni sjómanni, Sörlaskjóli 19, Reykjavík, Gerhard Olsen flugvélavirkja, Lynghaga 2, Reykjavík, Edward Kristni Olsen flugstjóra, Túnsbergi við Þormóðsstaði, Reykjavík, Magnúsi Bjarnasyni skrifstofumanni, Suðurgötu 13, Hafnarfirði, Margréti Dagbjörtu Bjarnadóttur skrifstofustúlku, Suðurgötu 13, Hafnarfirði, Jónasi Thoroddsen borgarfégetafulltrúa, Drápuhlíð 11, Reykjavík, og Einari Egilssyni verzlunarmanni, Hringbraut 43, Reykjavík. Samkvæmt ákæruskjali, dags. 4. júlí 1956, er málið höfðað gegn hinum ákærðu sem hér segir:

„I. Gegn ákærða Stefáni Andreasi er málið höfðað fyrir að hafa:
a) Á tímabilinu frá 27. nóvember 1953 til 13. júlí 1955 fengið leyfi hjá Útvegsbanka Íslands h/f hér í bæ til kaupa alls 88 tékkávísana, samtals að upphæð 228.031,50 bandarískir dollarar, fyrir íslenzkar krónur, samtals 3.744.734.02, auk bankakostnaðar, kr. 23.259.22, undir því yfirskini að ætla að nota gjaldeyri

penna til kaupa á veiðarfærum hingað til lands svo og fyrir að hafa, í stað þess að nota greinda dollara til nefndra veiðarfæra-kaupa eða skila þeim bankanum aftur, selt þá ýmsum mönnum, er síðar komu dollurum þessum til annarra landa, þar á meðal meðákærða Grétari Emil, fyrir kr. 22.00 hvern dollara.

Framangreind háttsemi ákærða Stefáns Andreasar telst varða við 1. mgr. 146. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 5. mgr. 13. gr., sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947 um Fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. sbr. 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947 um síðastnefnt efni, 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., 1. gr. sbr. 3. mgr. 13. gr. og 1. mgr., sbr. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953 um sama efni og síðastnefnd lög og við 2. gr. analogice, sbr. 7. gr. laga nr. 42/1948 um útflutning og innflutning á íslenskum og erlendum gjaldeyri.

b) Frá því á árinu 1953 rekið heildverzlun hér í bæ án þess að halda lögskyldar bækur, en það brot telst varða við 262. gr. almennra hegningarlaga og við 1. gr. og 1. mgr. 19. gr. sbr. 20. gr. laga nr. 62/1938 um bókhald.

II. Gegn ákærða Grétari Emil er málið höfðað fyrir að hafa:

a) Frá því um mánaðamót nóvember og desember 1953 og þar til í júlímánuði 1955 keypt af meðákærða Stefáni Andreasi tékk-ávísanir, samtals hljóðandi á 67.371.00 bandaríska dollara, fyrir kr. 22.00 hvern dollara og selt síðan tékka þessa ýmsum mönnum, er fluttu dollara þessa til annarra landa, fyrir kr. 23.00 til kr. 24.00 hvern dollara.

Telst ákærði Grétar Emil með þessu atferli sínu hafa gerzt brotlegur við 1. og 5. mgr. 13 gr., sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947, 2. sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947, 1. mgr. 3. gr., sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953, 1. mgr. sbr. 3. mgr. 13. gr., sbr. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953, svo og við 2. gr. analogice, sbr. 7. gr. laga nr. 42/1948.

b) Á útmánuðum 1954 eða nokkru fyrr, jafnvel á árinu 1953, keypt af manni nokkrum hér í bæ milli 30 og 40 bandaríska dollara, er ákærði Grétar Emil notaði til kaupa á ýmsum varningi í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Telst þetta brot ákærða Grétars Emils varða við ákvæði þau, er greinir undir II. a) að framan.

III. Gegn ákærða Kristjáni Ágústssyni er málið höfðað fyrir að hafa:

a) Á tímabilinu frá 18. júní 1954 til 30. júlí 1955 keypt tékk-ávísanir, samtals að upphæð 60.037.00 bandarískir dollarar, af

meðákærða Grétari Emil fyrir kr. 23.00 hvern dollara og selt dollara þessa aftur ýmsum mönnum, sem síðar fluttu dollara þessa út úr landinu, auk þess sem hann flutti nokkuð af þeim sjálfur utan, fyrir kr. 23.00 til kr. 25.00 hvern dollara.

Teljast þessi brot ákærða Kristjáns varða við 1. mgr. 3. gr., sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953, 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr., sbr. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953 og við 2. gr. analogice, sbr. 7. gr. laga nr. 42/1948.

b) Frá því á árinu 1952 rekið heildverzlun hér í bæ án þess að halda lögskyldar bækur, en brot þetta telst varða við 262. gr. almennra hegningarlaga, 1. gr. og 1. mgr. 19. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 62/1938.

IV. Gegn ákærða Stefáni Ólafi Gíslasyni er málið höfðað fyrir að hafa seinni hluta árs 1954 og fyrri hluta árs 1955 keypt af meðákærða Grétari Emil tékkávísanir, samtals að upphæð rúmir 2.000.00 bandarískir dollarar, fyrir kr. 24.00 hvern dollara, svo og fyrir að hafa síðastliðið sumar, 1955, keypt af meðákærða Kristjáni tékkávísun, að upphæð 500.00 bandarískir dollarar, fyrir kr. 23.00 hvern dollara. Þá er málið og höfðað gegn ákærða Stefáni Ólafi fyrir að hafa í heimildarleysi flutt gjaldeyri þenna héðan út úr landinu. Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 3. gr., sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953, 1. mgr. sbr. 3. mgr. 13. gr., sbr. 2 mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953, og við 2. gr. analogice, sbr. 7. gr. laga nr. 42/1948.

V. 1) Gegn ákærða Tómasi Kristjánssyni er málið höfðað fyrir að hafa sennilega í marzmánuði 1955 keypt af meðákærða Grétari Emil tékkávísun, að upphæð milli 2000 og 3000 bandarískir dollarar, fyrir kr. 23.00 hvern dollara og sjá um, að gjaldeyri þessum væri komið til meðákærða Leifs Böðvarssonar, er þá dvaldist á Spáni og fékk dollarana fyrir sama verð og ákærði Tómas hafði greitt fyrir þá.

Þá er málið og höfðað gegn ákærða Tómasi fyrir að hafa í maímánuði 1955 keypt af meðákærða Grétari Emil aðra tékkávísun, að upphæð tæpir 2000 bandarískir dollarar, fyrir kr. 24.00 hvern dollara, og flytja gjaldeyri þenna til Bandaríkja Norður-Ameríku þar sem ákærði Tómas eyddi í eigin þarfir milli 1200 og 1300 dollurum af upphæð síðari tékkans, en sendi afganginn til Spánar til meðákærða Leifs, er og fékk dollara þessa fyrir sama verð og ákærði Tómas hafði gefið fyrir þá.

Teljast greind brot ákærða Tómasar Kristjánssonar varða við ákvæði þau, er greinir undir IV hér að framan.

2) gegn ákærða Leifi Böðvarssyni er málið höfðað fyrir að hafa á árinu 1955, eins og getur í V, 1 að framan, fengið meðákærða

Tómas Kristjánsson til að kaupa fyrir sig um 2700 bandaríska dollara og fá þá senda sér til Spánar, en brot ákærða Leifs teljast varða við sömu ákvæði og brot ákærða Tómasar.

VI. Gegn ákærða Péttri Hafliða Ólafssyni er málið höfðað fyrir að hafa vorið 1955 keypt af meðákærða Kristjáni tékkávísun, að upphæð 170 bandarískir dollarar, fyrir kr. 25.00 hvern dollara svo og fyrir að flytja dollara þessa til Bandaríkja Norður-Ameríku, þar sem hann eyddi þeim í eigin þarfir. Þykir ákærði Pétur Hafliði með þessari háttsemi hafa gerzt brotlegur við ákvæði þau, er greinir undir IV hér að framan.

VII. Gegn ákærða Gerhard Olsen er málið höfðað fyrir að hafa áðastliðið sumar, 1955, tekið á móti sem greiðslu upp í íbúðarverð frá meðákærða Kristjáni Ágústssyni tékkávísun, að upphæð 2000 bandarískir dollarar, en hver dollari var reiknaður á kr. 23.00, svo og fyrir að hafa flutt með sér gjaldeyri þenna til Bandaríkja Norður-Ameríku, þar sem hann eyddi fénu í eigin þarfir. Telst þetta atferli ákærða Gerhards varða við sömu ákvæði og brot ákærða Stefáns Ólafs, sbr. IV hér á undan.

VIII. Gegn ákærða Edward Kristni Olsen er málið höfðað fyrir að hafa sumarið 1955 tekið á móti sem greiðslu upp í íbúðarverð frá meðákærða Kristjáni Ágústssyni tékkávísunum, samtals að upphæð 2800 bandarískir dollarar, en hver dollari var reiknaður á kr. 23.00, svo og fyrir að hafa flutt með sér gjaldeyri þenna til Bandaríkja Norður-Ameríku, þar sem hann eyddi fénu í eigin þarfir, auk þess sem hann notaði nokkuð af því til greiðslu skuldar í Noregi. Teljast brot ákærða Edwards Kristins varða við sömu ákvæði sem brot Gerhards Olsens.

IX, 1) Gegn ákærða Magnúsi Bjarnasyni er málið höfðað fyrir að hafa í júní og júlí 1955 keypt af meðákærða Kristjáni nokkrar tékkávísanir, samtals að upphæð 1500 til 2000 bandarískir dollarar, fyrir kr. 25.00 hvern dollara, en gjaldeyri þenna, sem hann keypti fyrir systur sína, meðákærðu Margréti Dagbjörtu, sendi hann til Los Angeles. Telst brot ákærða Magnúsar varða við sömu ákvæði, sem greinir undir IV hér að framan.

2) Gegn ákærðu Margréti Dagbjörtu Bjarnadóttur er málið höfðað fyrir að hafa sumarið 1955 fengið bróður sinn, meðákærða Magnús, til að kaupa dollarávísanir þær, er um getur í IX, 1) að framan, og senda þær til Los Angeles, þar sem gjaldeyri þessi var notaður til greiðslu skulda hennar. Telst brot ákærða Margrétar Dagbjartar varða við sömu ákvæði og brot bróður hennar, meðákærða Magnúsar, sbr. IX, 1) að framan.

X, 1) Gegn ákærða Jónasi Thoroddsen er málið höfðað fyrir að hafa hinn 19. júlí 1955 keypt fyrir mág sinn, ákærða Einar

Egilsson, af meðákærða Kristjáni tékkávisun, að upphæð 2000 bandarískir dollarar, fyrir kr. 23.00 hvern dollara, auk viðbótar-gjalds, kr. 460.00, en ávisun þessa sendi ákærði Einar til Bandaríkja Norður-Ameríku eða Mexico, þar sem hann var skuldugur. Brot ákærða Jónasar telst varða við ákvæði þau, sem greinir undir IV hér að framan.

2) Gegn ákærða Einari Egilssyni er málið höfðað fyrir að fá mág sinn, meðákærða Jónas, til að kaupa gjaldeyri þann, er greinir undir X, 1) hér að framan, og senda hann utan. Telst brot ákærða Einars varða við sömu ákvæði og brot meðákærða Jónasar, sbr. ákvæði þau, er greinir undir IV hér á undan.

Kaup allra framangreindra tékkávisana fóru fram hér í bæ. Þess er krafizt:

Að öll hin ákærðu verði dæmd til refsingar.

Að ákærðu Stefán Andreas Pálsson og Kristján Ágústsson verði sviptir leyfi til að reka heildverzlun (stórsölu) samkvæmt 19. gr. laga nr. 62/1938 og 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, svo og verði ákærði Kristján einnig sviptur leyfi til að reka smá-sölu samkvæmt síðastnefndum ákvæðum.

Að ákærði Stefán Andreas verði sviptur réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Að ólöglegur hagnaður þeirra ákærðu Stefáns Andreasar Pálssonar, Grétars Emils Ingvasonar og Kristjáns Ágústssonar af framangreindum brotum þeirra verði gerður upptækur samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947, 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947, 11. gr. laga nr. 88/1953, 27. gr. i. f. reglugerðar nr. 212/1953 og 3. tl. sbr. 2. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga.

Að öll hin ákærðu verði dæmd til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði Stefán Andreas Pálsson er fæddur 2. febrúar 1901 á Djúpavogi. Hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir: 1927 16/12 Áminning fyrir innflutning á hálmi.

1949 14/3 Sátt: 300 kr. sekt fyrir verðlagsbrot. Upptækur ólöglegur ágóði, kr. 970.08.

1950 14/4 Reykjavík. Kærður fyrir of hátt verð á sælgæti. Fellt niður samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytis 15/7 1950.

Auk þess hefur hann árin 1922 til 1933 sætt átta sinnum sektum fyrir ölvun á almannafæri, frá kr. 50.00 til kr. 75.00 hvert sinn. Þá hefur hann þetta tímabil hlotið tvívegis áminningu fyrir ölvun.

Ákærði Grétar Emil er fæddur 26. september 1921 í Gíslholti í Holtahreppi. Hann hlaut tvívegis árið 1955 sekt, kr. 50.00

hvort sinn, fyrir brot á umferðarreglum. Um aðrar refsingar er ekki kunnugt.

Ákærði Kristján Ágústsson er fæddur 1. júlí 1923 á Brimilsvöllum á Snæfellsnesi. Hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1944 27/6 Reykjavík. Dómur lögregluréttar, 10 daga varðhald og sviptur ökuskírteini í 3 mánuði fyrir að stýra bifreið undir áhrifum áfengis.

1951 22/2 Reykjavík. Sátt: 1200 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 36. gr. laga nr. 63/1937.

Auk þessa hefur hann árin 1942 til 1949 níu sinnum sætt sektum, frá kr. 25.00 til kr. 150.00 hvert sinn, fyrir ölvun á almannaferi og ölvun og óspektir.

Ákærði Stefán Ólafur Gíslason er fæddur 9. júní 1927 í Galtarvík í Skilamannahreppi. Hefur hann, svo kunnugt sé, sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

1953 4/2 Reykjavík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 17. gr. bifreiðalaga.

1954 31/5 Hafnarfirði. Áminning fyrir ógætilegan akstur.

1955 10/12 Kópavogi. Sátt: 75 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaganna.

Ákærði Tómas Kristjánsson er fæddur 1. september 1928 í Reykjavík. Hefur hann árin 1945 til 1955 fimm sinnum sætt sektum, frá 30 til kr. 100 hvert sinn, fyrir brot á umferðarlögum, auk fjögurra áminninga fyrir sama.

Ákærði Leifur Böðvarsson er fæddur 26. janúar 1893 á Akranesi. Hefur hann, svo kunnugt sé, eigi fyrr sætt kærnu eða refsingu.

Ákærði Pétur Hafliði Ólafsson er fæddur 10. febrúar 1920 í Stykkishólmi. Hefur hann sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

1935 8/2 Áminning fyrir hjólreiðar í Bankastræti.

„ 27/3 Kærður fyrir dúfnæðjófnað.

1939 20/5 Sátt: 10 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur, 50. gr., a-lið.

1942 21/2 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun og áflog.

„ 30/3 „ 25 kr. „ „ „ á almannaferi.

1947 9/7 „ 50 kr. „ „ brot gegn 14. gr. bifreiðalaga.

„ 16/12 „ 90 kr. „ „ ofhraða á bifreið.

1955 28/5 Reykjavík. Dómur: 800 kr. sekt fyrir brot á 18. sbr. 39. og 46. gr. áfengislaga.

Ákærði Gerhard Olsen er fæddur þann 16. janúar 1922 í Reykjavík. Hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1948 2/11 Reykjavík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1949 4/3 Reykjavík. Dómur lögregluréttar: 10 daga varðhald og sviptur ökuskírteini í 6 mánuði fyrir ölvun við stjórn bifreiðar.
- 1954 8/3 Reykjavík. Sátt: 30 kr. sekt fyrir brot á 14. gr. bifreiðalaga.
- 1955 28/12 Reykjavík. Sátt: 75 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.

Ákærði Edward Kristinn Olsen er fæddur 24. júní 1917 í Reykjavík. Hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1939 18/8 Kærður af Bjarna Kristmundssyni, Týsgötu 8, fyrir meint svik. Kæran var afturkölluð og málið eftir atvikum látið falla niður.
- 1945 29/9 Undir rannsókn út af flugslysi. Afgreitt til Almennra trygginga h/f, flugmálastjóra og Dómsmálaráðuneytis.
- 1948 27/2 Reykjavík. Dómur lögregluréttar: 10 daga varðhald og sviptur ökuskírteini í 6 mánuði fyrir ölvun við stjórn bifreiðar.

Auk þess hefur hann árin 1935 til 1956 sætt þrívægis sektum, frá kr. 10 til kr. 75 hvert sinn, auk tveggja áminninga fyrir brot á bifreiða- og umferðarlögum.

Ákærði Magnús Bjarnason er fæddur 4. júlí 1924 í Hafnarfirði. Hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1947 21/8 Hafnarfirði. Sátt: 25 kr. sekt fyrir að hafa tvo farþega í framsæti bifreiðar.
- 1949 4/7 Reykjavík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot gegn 30. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Um aðrar refsingar er ekki kunnugt.

Ákærði Margrét Dagbjört Bjarnadóttir er fædd 2. október 1931 í Hafnarfirði. Hún hefur eigi sætt kærnu eða refsingu fyrr, svo kunnugt sé.

Ákærði Jónas Thoroddsen er fæddur þann 18. nóvember 1908 í Reykjavík. Hefur hann sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

- 1933 7/5 Sátt sekt 50 kr. fyrir ölvun á almannafæri.

„ 12/9 „ „ 50 kr. „ „ „ „

- 1953 22/2 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.

Ákærði Einar Egilsson er fæddur þann 18. marz 1910 í Hafnarfirði. Hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1948 23/1 Reykjavík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1948 16/3 Reykjavík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Málavextir eru þessir:

I.

Um mánaðamótin september-október 1955 barst sakadómara kæra, dags 27. september 1955, frá gjaldeyriseftirlitsskrifstofunni, er Landsbanki Íslands lögum samkvæmt starfrækir. Kæran var þess efnis, að ákærði Stefán Andreas Pálsson hefði eigi gert gjaldeyriseftirlitinu skil vegna gjaldeyris, er hann hafði fengið yfirfærðan tímabilið 27. nóvember 1953 til 12. júlí 1955. Var hér um að ræða 88 yfirfærslubeiðnir frá ákærða Stefáni Andreasi til Útvegsbanka Íslands h/f fyrrgreint tímabil. Námu beiðnir þessar samtals \$ 228.031.50, en ákærði Stefán Andreas hafði í yfirfærslubeiðnunum getið þess, að hann óskaði að kaupa gjaldeyrinn vegna innflutnings á ýmis konar útgerðarvörum frá Bandaríkjunum Norður-Ameríku. Hafði ákærði Stefán Andreas þannig fengið um fjórar yfirfærslubeiðnir afgreiddar að jafnaði hvern mánuð fyrrnefnt tímabil. Voru beiðnir þessar afgreiddar í ávísanaformi. Lægsta ávísunin nam \$ 1036.00 og sú hæsta \$ 3572.00. Ávísanir þessar lét ákærði Stefán Andreas stíla á þrjú bandarísk fyrirtæki, Edda International Corporation, sem stílaðar voru fjórar ávísanir á, Messrs Sternin Hosier Co., er stílaðar voru 23 ávísanir á, og Henderson & Co., Inc., er stílaðar voru 61 ávísun á.

Gjaldreyriseftirlitið mun fyrst með bréfi, dags. 13. apríl 1954, hafa kafið ákærða Stefán Andreas um reikningsskil vegna yfirfærslna til hans fram að þeim tíma, en ákærði Stefán Andreas virti bréfið að vettugi, að því er bezt er vitað, og virðist svo sem að hann hafi ekki verið krafinn reikningsskila aftur fyrr en í júlí 1955, að gjaldeyriseftirlitið lét stöðva allar yfirfærslur til hans og krafði hann skila. Ákærði Stefán Andreas sagði gjaldeyriseftirlitinu í fyrstu, að allt væri með felldu og lofaði skilagrein, sem aldrei kom.

Ákærði Stefán Andreas skýrði frá því fyrir dómi, að svo hefði fjárhag sínum verið farið árið 1953, að hann var kominn í geysimiklar skuldir. Hafði heildverzlun sú, er hann rekur, Stefán A. Pálsson & Co., gengið mjög illa. Ákærði ákvað því að afla sér tekna með því að fá dollaraávísanir keyptar í Útvegsbankanum og selja þær síðan hér innanlands. Nánari tildrög þessarar verzlunar ákærða Stefáns Andreasar með dollaraávísanir eru þau, að ákærði Grétar Emil Ingvason kom að máli við ákærða Stefán Andreas í nóvembermánuði 1953 og bað hann um að útvega sér

dollara til kaups. Að sögn ákærða Stefáns Andreasar benti ákærði Grétar Emil honum á að nota nafn fyrirtækisins Henderson & Co., sem fyrr er nefnt. Ákærði Stefán Andreas fór síðan í Útvegsbankann og útfyllti þar eyðublað með beiðni um kaup á bandarískum dollurum, að upphæð \$ 1334.00, til kaupa á nylon-þorska-netjaslögum frá fyrirtækinu Henderson & Co. í New York. Er beiðni þessi dags. 25. nóv. 1953. Var engin fyrirstaða með að fá dollara þessa keypta, og var gefin út ávísun fyrir umræddri upphæð þann 27. nóvember 1953, stíluð á fyrrgreint fyrirtæki, Henderson & Co. Ákærði Stefán Andreas greiddi síðan kr. 16.32 fyrir hvern dollara og að auki þóknun til bankans, $\frac{5}{8}\%$ af hinni seldu fjárhæð. Ákærði Stefán Andreas seldi síðan ákærða Grétari Emil Ingvasyni ávísunina fyrir kr. 22.00 hvern dollara. Ákærði Stefán Andreas telur, að ákærði Grétar Emil hafi bent sér á að nota nafn Henderson & Co. svo og Sternin Hosiery, því að hann hafði aldrei áður heyrt þessara fyrirtækja getið. Þetta var upphafið að viðskiptum ákærðu Stefáns Andreasar og Grétars Emils, að því er ákærði Stefán Andreas hermir. Hélt hann því fram, að ákærði Grétar Emil hefði fengið allar ávísanirnar, er stílaðar voru á Henderson & Co. og Sternin Hosiery, eða samtals 84 ávísanir, að upphæð samtals \$ 220.871.50. Þær fjórar ávísanir, sem stílaðar voru á fyrirtækið Edda International Corporation, seldi ákærði Stefán Andreas einhverjum öðrum manni eða mönnum, sem hann mundi ekki, hver eða hverjir voru.

Ekki er upplýst, hver eða hverjir þetta voru.

Ákærði Stefán Andreas vissi ekki, hverjum ákærði Grétar Emil seldi dollaraávísanirnar. Ræddu þeir það aldrei. Upplýstist ekkert frekar um það. Gerðar voru ýmsar ráðstafanir til að fá fyllri upplýsingar um það, hvað ákærði Stefán Andreas gerði við ávísanirnar. Var m. a. leitað eftir upplýsingum vestur um haf. Þá var leitað gagna í skrifstofu ákærða svo og heima hjá honum. Bar þetta engan árangur. Bókhald heldur ákærði Stefán Andreas ekki og hefur ekki gert, þótt honum hins vegar væri ljóst, að hann væri bókhaldsskyldur.

Hélt ákærði Stefán Andreas fast við þenna framburð sinn, sem rakinn er hér að framan.

Ákærði Stefán Andreas seldi samkvæmt framburði sínum allar ávísanirnar, að upphæð samtals \$ 228.031.50, fyrir kr. 22.00 hvern dollara. Hann hefur því selt dollara fyrir kr. 5.016.693.00. Kaupverð hvers dollara var kr. 16.32 auk $\frac{5}{8}\%$ bankakostnaðar. Kaupverðið nemur því alls kr. 3.744.734.02. Samkvæmt þessu hefur hagnaður ákærða Stefáns Andreasar orðið kr. 1.271.958.98. Ákærði

Stefán Andreas gat hvergi nærri gert fyllilega grein fyrir því, hvernig hann hefði varið þessum hagnaði. Hann lagði fram greinargerð, þar sem hann sundurliðar kr. 564.500.00. Er hér um ýmsa skuldaliði að ræða auk kaupa á bíl og fleira. Upphæð þessi er þó ekki nákvæm. Getur skakkað um nokkur þúsund krónur. Afganginum af hagnaðinum, eða kr. 700.000.00 á að gizka, varði ákærði Stefán Andreas til heimilis og vörukaupa. Nánar gat hann ekki gert grein fyrir þessu.

II.

Ákærði Grétar Emil viðurkenndi mjög greiðlega, að hann hefði átt nokkur dollaraviðskipti við ákærða Stefán Andreas. Að því er ákærði Grétar Emil hermir, hófust viðskipti þessi með þeim hætti, að haustið 1953 vanhagaði ákærða Grétar Emil um nokkra bandaríska dollara vegna kaupa á fötum fyrir sig og fjölskyldu sína, en ákærði Grétar Emil vann um þessar mundir hjá flugfélaginu Loftleiðum h/f hér í bæ. Hann snéri sér því í þessu skyni til kunningja síns, Lúðvíks Thorbergs Þorgeirssonar kaupmanns, Sigtúni 47 hér í bæ, og innti hann eftir því, hvort hann gæti útvegað sér nokkra dali. Áttu þeir nokkrar orðræður um þetta, en Lúðvík Thorberg lofaði engu. Þess skal getið, að Lúðvík Thorberg kannaðist alls ekki við það, að ákærði Grétar Emil hafi nokkurn tíma beðið sig um að útvega dollara. Skömmu eftir að ákærði Grétar Emil átti þetta tal við Lúðvík Thorberg, kom ákærði Stefán Andreas að máli við hann og bauð án nokkurra vafninga dollara til kaups fyrir kr.22.00 hvern dollara. Ákærði Grétar Emil mun hafa keypt fyrstu dollaraávísunina af ákærða Stefáni Andreasi fyrir Eyju nokkra Henderson, sem er af íslenzku bergi brotin, en gift bandarískum manni, Frank Henderson að nafni, og mun vera eigandi fyrrnefnds fyrirtækis, Henderson & Co. Eyja þessi mun hafa átt hér íslenzka peninga og viljað fá dollara fyrir þá. Hún mun sjálf hafa farið með þessa fyrstu dollaraávísun úr landi, því að samkvæmt vottorði útlendinga-eftirlitsins fór hún vestur um haf með flugvél frá Reykjavík þann 29. nóvember 1953, eða tveimur dögum eftir útgáfu fyrstu dollaraávísunarinnar.

Sem fyrr segir, var þetta upphafið að dollaraviðskiptum þeirra ákærðu Stefáns Andreasar og Grétars Emils, en þeir eru sammála um, að viðskiptum þeirra hafi ekki lokið fyrr en um mánaðamótin júní—júlí 1955. Ákærði Grétar Emil taldi það eigi ólíklegt, að hann hafi bent ákærða Stefáni Andreasi á að nota nafn fyrirtækisins Henderson & Co., en ekki vildi hann við það kannast,

að hann hefði bent ákærða Stefáni Andreasi á að nota nafn Sternin Hosiery & Co. Inc.

Ákærði Grétar Emil tók kr. 1.00 að jafnaði af hverjum dollara, er hann sá um að selja. Taldi hann í fyrstu, að hann hefði séð um sölu á 40—50 þúsund dollurum og því haft um kr. 40—50 þúsund í hagnað, en er leið á rannsókn málsins, breytti hann þessum framburði sínum að þessu leyti og taldi við nánari yfirvegun, að hann hefði ekki selt nema 30—37 þúsund dollara og því hagnaður sinn ekki orðið meiri en 30—37 þúsund krónur. Ákærði Grétar Emil hélt ekki bókhald yfir þessi viðskipti sín. Athugun á efnahag ákærða Grétars Emils leiddi og ekkert frekar í ljós. Benti þessi athugun frekar til þess, að ákærði Grétar Emil hefði ekki haft slíkar hátekjur, sem framburður ákærða Stefáns Andreasar gefur til kynna, sérstaklega þegar þess er gætt, að ákærði Grétar Emil er hinn mesti reglumaður með létt heimili og jafnan haft vellaunað starf.

Ákærði Grétar Emil sagðist ekki hafa hvatt ákærða Stefán Andreas á einn eða annan hátt til áframhaldandi dollaraviðskipta.

Ákærði Grétar Emil lét ákærða Kristján Ágústsson hafa megnid af þeim dollaraávísunum, sem hann fékk hjá ákærða Stefáni Andreasi. Enn fremur seldi hann ákærða Stefáni Ólafi Gíslasyni og ákærða Tómasi Kristjánssyni dollaraávísanir. Telur hann, að hvor þeirra um sig hafi fengið nokkrar ávísanir.

Ákærði Grétar Emil fékk, skömmu eftir að hann fékk fyrstu ávísunina hjá ákærða Stefáni Andreasi, dollara þá, sem hann vanhagaði um til fatakaupa og áður er minnst á. Voru þetta 30—40 dollarar, sem hann keypti af einhverjum starfsmanni Loftleiða h/f, en hann mundi ekki nafn hans. Keypti hann dollarana á hærri verði en hinu skráða gengi.

III.

Ákærði Kristján Ágústsson neitaði í fyrstu, að hann hefði nokkurn tímann átt dollaraviðskipti við ákærða Grétar Emil. Eftir nokkra tregðu viðurkenndi hann þó, að hann hefði tvívegis keypt dollaraávísanir af ákærða Grétari Emil. Eftir að leit var gerð í skrifstofu ákærða Kristjáns og ýmis gögn fundust, er bentu til meiri dollaraviðskipta ákærðu Grétars Emils og Kristjáns, viðurkenndi ákærði Kristján, að hann hefði keypt nokkur þúsund dollara af ákærða Grétari Emil, eða milli 11 og 16 þúsund eða jafnvel eitthvað meira.

Það skal strax tekið fram, að gögn þau, er fundust hjá ákærða

Kristjánf, veittu ekki, svo óyggjandi yrði talið, upplýsingar um það, hversu viðtæk þessi viðskipti ákærða Grétars Emils og ákærða Kristjáns voru, þótt ýmislegt benti til þess, að þau hefðu verið meiri en ákærði Kristján vildi viðurkenna. Verður nánar vikið að þessu síðar, er gerð verður grein fyrir niðurstöðum endurskoðunar þeirrar, er fram fór á vegum dómsins.

Ákærði Kristján mun hafa sjálfur sent út dollaraávísanirnar og látið leggja þær inn í ávísanareikning sinn, er hann á hjá banka í New York, The National City Bank of New York. Ákærði Kristján, sem sagðist hafa keypt hvern dollara af ákærða Grétari Emil á kr. 23.00, seldi síðan ýmsum mönnum dollara. Hafði hann þann hátt á, að hann gaf út ávísanir á reikning sinn við fyrrnefndan bandarískan banka. Seldi hann yfirleitt hvern dollara á kr. 25.00. Á stundum seldi hann hvern dollara á kr. 24.00. Þá kom það fyrir, að hann lét ýmsa kunningja sína hafa dollarana fyrir sama verð og hann keypti, eða kr. 23.00 hvern dollara. Verðið var því nokkuð á reiki, og reyndist hvorki unnt að fá tæmandi upplýsingar um þetta né um alla þá, er hann hafði selt dollara. Dugði þar hvorki athugun á bókhaldi ákærða Kristjáns né aðrar ráðstafanir, er gerðar voru í þessu skyni. Sjálfur var ákærði Kristján hinn tregasti að láta dóminum í té upplýsingar í málinu. Upplýsingar um þá, sem keyptu dollara af ákærða Kristjáni, fengust úr amerísku tékkahefti, er fannst í skrifstofu hans. Með þessu móti upplýstist, að ákærði Stefán Ólafur Gíslason, Pétur Hafliði Ólafsson, Gerhard og Edward Kristinn Olsen, Magnús Bjarnason og Jónas Thoroddsen hefðu keypt dollara af ákærða Kristjáni. Verður komið nánar inn á það síðar.

Auk þeirra, er nú hafa verið nefndir og dollarviðskipti áttu við ákærða Kristján, bentu upplýsingar úr fyrrnefndu amerísku tékkahefti hans til þess, að ýmsir aðrir hefðu átt við hann dollara-kaup, en menn þessir eru ýmist búsettir erlendis og náðust því eigi til yfirheyrslu eða upplýsingar um þá voru ekki nógu glöggar til frekari aðgerða.

Ákærði rekur heildsölu hér í bæ samkvæmt heildsöluleyfi, dags. 10. september 1952. Smásöluleyfi leysti hann út 23. nóvember 1951. Bókhald ákærða Kristjáns reyndist mjög ófullkomið og gallað, t. d. voru engar bækur færðar árin 1953 og 1955. Árið 1954 var færð dagbók og sölubók, en sumum liðum var haldið utan bókhaldsins, svo sem bankaviðskiptum.

IV.

Eins og fyrr greinir undir lið II hér að framan, skýrði ákærði Grétar Emil frá því, að hann hefði selt ákærða Stefáni Ólafi Gíslasyni nokkrar dollaraávísanir.

Ákærði Stefán Ólafur skýrði frá því, að hann hefði ofanvert ár 1954 keypt dollara of ákærða Grétari Emil og enn fremur hefði hann einnig keypt af honum dollara snemma árs 1955. Sagði ákærði Grétar Emil ákærða Stefáni Ólafi frá því, að hér væri um Útvegsbankaávísanir að ræða. Fór þetta þann veg fram, að ákærði Stefán Ólafur fékk bréf frá ákærða Grétari Emil. Skyldi hann framvísa bréfinu hjá fyrirtækinu Henderson & Co., Inc., í New York, er áður getur, en ákærði Stefán Ólafur er flugmaður í millilandaflugvél. Ákærði fékk síðan útborgað hjá þessu fyrirtæki dollara þá, er hann hafði keypt hjá ákærða Grétari Emil. Eftir því sem ákærði Stefán Ólafur mundi bezt, hafði hann tvívegis keypt dollara af ákærða Grétari Emil og samtals röska tvö þúsund dollara. Galt hann kr. 24.00 fyrir hvern dollara. Ákærði keypti bíl í Bandaríkjunum fyrir þessa dollara. Fékk hann gjaldeyrislaust innflutingsleyfi fyrir bílnum í desember 1954.

Sumarið 1955 keypti ákærði Stefán Ólafur 500 dollara ávísun af ákærða Kristjáni Ágústssyni. Greiddi ákærði Stefán Ólafur kr. 23.00 fyrir hvern dollara. Dollara þessa notaði ákærði Stefán Ólafur til fatakaupa fyrir sig og fjölskyldu sína, auk þess sem nokkuð fór til uppihalds honum og konu hans, er þau dvöldu erlendis í frii ákærða Stefáns Ólafs sumarið 1955.

V.

Ákærði Tómas Kristjánsson skýrði frá því, að hann hefði sennilega í marzmánuði 1955 leitað á fund ákærða Grétars Emils og beðið hann að útvega sér dollara til kaups, en áður hefur verið greint frá því, að ákærði Grétar Emil segist hafa selt ákærða Tómasi nokkrar dollaraávísanir. Ákærði Tómas hafði tekið að sér að útvega ákærða Leifi Böðvarssyni erlendan gjaldeyri, en ákærði Leifur dvaldist á Spáni mikinn hluta ársins 1955 sér til heilsubótar. Hann hafði ekki fengið gjaldeyrisyfirfærslu. Ákærði Tómas keypti röska tvö þúsund dollara af ákærða Grétari. Var hér um Útvegsbankaávísun að ræða, er stíluð var á nafn Henderson & Co., Inc. Sá ákærði Grétar Emil um að senda ávísunina vestur um haf, þar sem hún var hafin og peningarnir síðan sendir ákærða Leifi til Spánar. Ákærði Tómas galt kr. 23.00 fyrir hvern dollara.

Í maímánuði 1955 keypti ákærði Tómas enn dollaraávisun af ákærða Grétari Emil. Var hér um tæpa 2000 dollara ávisun að ræða. Ákærði Tómas greiddi nú kr. 24.00 fyrir hvern dollara. Ákærði Tómas keypti þessa ávisun vegna þess, að hann fór vestur til Bandaríkjanna um þetta leyti, og notaði megnið af þessum dollurum til upphalds sér þar, eða 1200 til 1300 dollara. Ákærði Tómas fór sjálfur vestur með þessa ávisun. Afganginn, eða 600 til 700 dollara, sendi hann ákærða Leifi Böðvarssyni til Spánar.

Ákærði Leifur Böðvarsson skýrði frá því, að hann hefði beðið ákærða Tómas um að útvega sér erlendan gíaldeyri, áður en hann fór til Spánar í janúar 1955 sér til heilsubótar. Dvaldist ákærði Leifur á Spáni fram í september 1955. Meðan hann dvaldist á Spáni, fékk hann tvívegis senda dollara frá Ameríku fyrir tilstuðlan ákærða Tómasar. Samtals nam þetta eitthvað á þriðja þúsund dollara.

VI.

Ákærði Pétur Hafliði Ólafsson skýrði frá því, að hann hefði vorið 1955 leitað á fund ákærða Kristjáns og fengið keypta 170 dollara ávisun. Skrifaði ákærði Kristján ávisunina á banka í New York. Ákærði Pétur Hafliði greiddi kr. 25.00 fyrir hvern dollara. Ákærði Pétur Hafliði er sjómaður í millilandasiglingum. Notaði hann dollara þessa til kaupa á ýmislegu til heimilis síns, svo sem eldhúsborði og stólum o. fl.

VII.

Ákærði Gerhard Olsen seldi ásamt bróður sínum, ákærða Edward Kristni Olsen, ákærða Kristjáni íbúð í húsinu nr. 2 við Lynghaga hér í bæ. Upp í íbúðarverðið greiddi ákærði Kristján ákærða Gerhard 2000 dollara. Var þetta vorið 1955. Hver dollari var reiknaður á kr. 23.00. Ákærði Gerhard fékk ávisun fyrir þessum 2000 dollurum. Fór hann sjálfur með ávisunina til New York og fékk hana greidda þar. Notaði hann þessa dollara til kaupa á ýmislegu til íbúðar þeirrar, er hann átti þá í smíðum í Lynghaga 2 hér í bæ, t. d. baðherbergistækjum, húsgögnum o. fl. Þá notaði hann nokkuð sem almennan eyðslueyri í New York, en ákærði Gerhard er flugvélavirki og kemur að jafnaði þrisvar í mánuði til New York og staldrar þar hvert sinn einn til þrjá daga.

VIII.

Ákærði Edward Kristinn Olsen skýrði frá því, að hann hefði tekið við greiðslu, að upphæð 2000 dollarar, frá ákærða Kristjáni sem hluta af söluverði þeirrar íbúðar, sem þeir bræður, ákærðu Gerhard og Edward Kristinn Olsen, höfðu selt ákærða Kristjáni og um er rætt undir lið VII. hér að framan. Var þetta snemma sumars 1955. Ákærði Edward Kristinn fékk greiðsluna í ávísunarformi. Fór hann sjálfur með ávísunina til New York, þar sem hann fékk hana greidda. Varði ákærði Edward Kristinn dollurum þessum með ýmsu móti, svo sem til kaupa á bílskúrshurðum, ýmsu til íbúðar sinnar, auk þess sem hann eyddi nokkru í skemmtanir erlendis. Þá greiddi hann skuld í Noregi með hluta af þessari upphæð.

Samkvæmt fyrrnefndu tékkahefti ákærða Kristjáns mun ákærði Edward Kristinn hafa fengið hjá ákærða Kristjáni dollaraávísun, að upphæð 300 dollarar, þann 18. júní 1955, og aðra, að upphæð 500 dollarar, þann 17. júlí 1955. Ákærði Kristján fullyrti, að hann hefði bæði þessi skipti selt ákærða Edward Kristni þessa dollara, eins og tékkaheftið ber með sér, og hefðu þeir gengið upp í íbúðarkaupin. Var hver dollari reiknaður á kr. 23.00.

Ákærði Edward Kristinn taldi hins vegar, að hann hefði ekki fengið meira en 2000 dollara samanlagt. Kveðst hann alls ekki minnst þess, að hann hefði fengið 800 dollara að auki.

IX.

Ákærði Magnús Bjarnason skýrði frá því, að hann hefði, að beiðni systur sinnar, ákærða Margrétar Dagbjartar Bjarnadóttur, keypt af ákærða Kristjáni í júní og júlí 1955 nokkrar dollaraávísanir. Samtals var hér um að ræða 1500 dollara. Mundi hann eftir ávísunum, að upphæð \$ 650, \$ 500 og \$ 100,, en allra þessara tékka er getið í tékkahefti ákærða Kristjáns. Þá rámaði ákærða í 300 dollara ávísun. Hann greiddi kr. 23.00 fyrir hvern dollara.

Ákærði Margrét Dagbjört hafði dvalizt í Bandaríkjunum frá ágúst 1954 til febrúar 1955. Eftir dvöl sína þar skuldaði hún milli 1500 og 2000 dollara. Hún fékk ekki hér heima yfirfært með löglegu móti nema 120 dollara. Hún bað því bróður sinn, ákærða Magnús, um að reyna að útvega dollara. Hún mundi, að hún fékk a. m. k. fjórar ávísanir keyptar hjá ákærða Kristjáni, eina að upphæð \$ 650, aðra að upphæð \$ 500, þriðju að upphæð \$ 100, og þá fjórðu, annað hvort að upphæð \$ 200 eða \$ 300. Taldi hún, að kr. 23.00 hefðu verið greiddar fyrir hvern dollara.

Ávísanir þessar sendi ákærði Margrét Dagbjört vestur til systur sinnar, sem búsett er í borginni Los Angeles í Bandaríkjunum.

X.

Ákærði Jónas Thoroddsen skýrði frá því, að hann hefði þann 19. júlí 1955 keypt 2000 dollara ávísun af ákærða Kristjáni, og kemur það heim við tékkahefti ákærða Kristjáns og framburð hans. Greiddi ákærði Jónas kr. 23.00 fyrir hvern dollara, auk kr. 460.00, sem ákærði Kristján sagði, að væri einhver kostnaður vegna þessara viðskipta.

Ákærði Jónas keypti þessa dollara fyrir mág sinn, ákærða Einar Egilsson. Þannig var máli farið, að ákærði Einar hafði dvalizt í Mexico árin 1950 til 1954. Skuldaði hann þessa dollara frá dvöl sinni þar. Hann hafði ekki fengið yfirfærslu hjá gjald-eyrisyfirvöldunum. Ákærði Jónas lét ákærða Einar hafa þessa dollaraávísun.

Ákærði Einar skýrði frá á sama veg og ákærði Jónas, og greint er frá hér að ofan, um það, hvernig og með hvaða kjörum hann fékk þessa tvö þúsund dollara ávísun hjá ákærða Kristjáni. Sá ákærði Einar um að senda ávísunina vestur um haf.

XI.

Áður hefir lauslega verið á það drepíð, að endurskoðun hafi verið gerð á bókhaldi ákærða Kristjáns. Ákærði Stefán Andreas hélt ekki bókhald, eins og fyrr er getið. Þá var endurskoðandinn fenginn til að athuga efnahag þeirra ákærðu Stefáns Andreasar, Grétars Emils og Kristjáns. Hafði endurskoðandinn ýmis gögn til að vinna úr, svo sem afrit skattaframtala, bankaviðskipta o. fl.

Gögn þau, er fjölluðu um viðskipti ákærða Stefáns Andreasar, veittu engar upplýsingar um dollaraviðskipti ákærða Stefáns Andreasar né hvernig hann hefði varið ágóðanum af dollara-sölunni. Meðal þeirra gagna, er endurskoðandinn hafði til athugunar varðandi ákærða Stefán Andreas, voru útskrifuð tékkahefti. Sumir tékkastofnanir báru það með sér, að ákærði Stefán Andreas og ákærði Grétar Emil hefðu átt viðskipti saman. Var hér um að ræða 7 tékka, samtals að upphæð kr. 108.000.00. Samkvæmt framburðum þeirra ákærðu Stefáns Andreasar og Grétars Emils voru þessir tékkar aðeins notaðir sem bráðabirgðakvittanir, þannig að ákærði Grétar Emil greiddi ákærða Stefáni Andreasi fyrirfram upp í væntanlega dollarasölu. Er ákærði Stefán Andreas hafði útvegað dollaraávísun, voru viðskiptin gerð upp og tékkinn

eyðilagður. Upphæð sú, sem þannig fékkst vitneskja um, er það lág, að hún veitir engar frekari upplýsingar.

Samkvæmt skattaframtölum ákærða Grétars Emils árin 1950 til 1955 varð eignaaaukning hans á þessu tímabili sem hér segir:

Nettó eign 31/12 1954 kr. 115.982.12

— — 31/12 1950 — 3.426.58

Eignaaaukning kr. 112.555.54

Samkvæmt skýrslu endurskoðandans er í þessari upphæð falinn sá eignaauki, er stafar af eigin vinnu og gjafavinnu við húsbyggingu, eða kr. 44.805.00. Ákærði Grétar Emil greiddi fyrir efni og vinnulaun við húsbygginguna kr. 119.712.04. Ákærði hafði gögn varðandi kostnað við húsbygginguna fyrir kr. 57.873.11, en átti ekki gögn varðandi kr. 61.839.93.

Ákærði Grétar Emil á ávísanabók við Búnaðarbanka Íslands. Frá 14. ágúst 1954 til 31. desember 1954 námu innborganir kr. 268.133.00, og frá 1. janúar 1955 til 24. október 1955 námu þær kr. 240.240.25, eða samtals kr. 508.373.25 yfir þetta tímabil. Um þetta segir endurskoðandinn í skýrslu sinni: „Þar sem Grétar E. Ingvason er launamaður og hefur ekki haft neinn atvinnurekstur, eru ofanritaðar innborganir á ekki lengri tíma mjög háar, og mætti ætla, að ágóði af sölu dollaranna hefði að verulegu leyti gengið í gegnum nefnda ávísanabók“.

Þá fór endurskoðandinn í gegnum tékkahefti ákærða Kristjáns og lagði saman allar þær upphæðir, þar sem dollaramerkið (\$) kom fyrir í tékkastofnunum og nafnið Grétar. Með þessu móti fékk endurskoðandinn upphæðina kr. 1.380.849.00, og ef miðað væri við, að hver dollari, sem ákærði Kristján fékk hjá ákærða Grétari Emil, hefði verið keyptur á kr. 23.00, þá gerir þetta \$ 60.037.00. Þá bætir endurskoðandinn við þessa upphæð þeim dollurum, sem ákærði Grétar seldi Eyju Henderson, ákærða Stefáni Ólafi og ákærða Tómasi Kristjánssyni, og fékk þannig út, að ákærði Grétar Emil hefði a. m. k. séð um sölu á ca. \$ 67.371.00.

Ákærði Grétar gaf þá skýringu á hinum tiltölulega háu innborgunum í fyrrnefnda ávísanabók sína, að hann hafi iðulega á tímabilinu, sem hann skipti við þá ákærðu Stefán Andreas og Kristján, lagt inn peninga, er hann fékk hjá ákærða Kristjáni, til að kaupa dollaraávísanir hjá ákærða Stefáni Andreasi. Fær þessi framburður ákærða Grétars Emils stuðning í framburði Kristjáns. Þá gat ákærði Grétar Emil þess, að hann hefði fengið lán til húsbyggingar sinnar. Lagði hann lánið inn á ávísanareikning

sinn. Lögð voru fram í málinu gögn, er sönnuðu, að ákærði Grétar Emil hefði þann 3. nóvember 1953 fengið útborgaðar kr. 16.500.00 af smábúðaláni og þann 28. janúar 1954 fengið kr. 13.500.00, eða samtals kr. 30.000.00. Þann 1. september 1955 voru eftirstöðvar lánsins kr. 25.999.98. Þann 20. maí 1955 fékk ákærði Grétar Emil víxillán hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, að upphæð kr. 60.000.00. Þann 17. apríl 1956 voru eftirstöðvar lánsins kr. 51.000.00.

Ákærði Grétar Emil skýrði enn fremur frá því, að hann hefði lagt laun sín inn á reikninginn í Búnaðarbankanum.

Hann taldi, að þessar miklu innborganir ættu því ekki nema að litlu leyti rót sína að rekja til ágóða síns af dollarasölunni.

Ákærði Kristján skýrði frá því, að þótt dollaramerkið (\$) og/eða nafn ákærða Grétars Emils fyndist á mörgum tékkastofnum og háar fjárupphæðir þar við, þýddi það alls ekki alltaf, að hann hefði greitt ákærða Grétari þessar fjárupphæðir vegna kaupa á dollurum. Hann tók iðulega út meira fé heldur en hann ætlaði að afhenda ákærða Grétari Emil. Á stundum fékk þó ákærði Grétar Emil alla fjárupphæðina eða megnið af henni. Þá kom það fyrir, að hann skrifaði nafnið Grétar á tékkastofn sér til minnis. Þeir ákærðu Kristján og Grétar Emil eru sammála um, að ákærði Kristján hafi alltaf greitt í reiðufé. Þegar ávísanir þær, sem hér um ræðir, voru athugaðar, kom í ljós, að þær voru ýmist stílaðar á nafn ákærða Kristjáns eða Hilmars, bróður ákærða Kristjáns, en hann vinnur við heildsölu ákærða Kristjáns.

Í greinargerð sinni um ákærða Kristján byggir endurskoðandinn á niðurstöðum sínum um dollarasölur ákærða Grétars Emils og rakið er hér að framan, þ. e. að ákærði Kristján hafi keypt af ákærða Grétari Emil 60.037.00 dollara. Samkvæmt tékkaheftinu hefur hann ráðstafað 18.142.52 dollurum og samkvæmt framburði sínum 3000 dollurum til greiðslu á skuld í Bandaríkjunum. Gerir þetta samanlagt 21.142.52 dollara. Mismunurinn á þessari upphæð og fyrrnefndum 60.037.00 dollurum er 38.894.48. Um þenna mismun segir svo í skýrslu endurskoðandans: „Hvernig Kristján Ágústsson hefur ráðstafað ofanefndum mismun hefur ekki verið hægt að rekja eftir bókhaldi hans eða öðrum gögnum, er liggja fyrir.“

Þá greinir í skýrslu endurskoðandans frá bankainnstæðum ákærða Kristjáns, en skattaframtöl hans báru þær ekki með sér. Þann 31/12 1953 nema þessar bankainnstæður kr. 201.917.19 og þann 31/12 1954 eru þær kr. 231.550.71. Þá segir enn fremur í skýrslu endurskoðandans:

„Seldar vörur 1954 samkvæmt skattframtali voru kr. 1.463.248.37. Samkvæmt yfirliti frá Sparisjóði Hafnarfjarðar keypti hann af Kristjáni Ágústssyni vöruvixla á árinu 1954 (fyrir) kr. 1.696.014.15. Hæpið er, að öll vörusala hafi farið fram gegn samþykktum vixlum, sem hafi gengið í gegnum þessa einu lána-stofnun.

Rétt þykir að benda á, að heildarinnborganir á hina ýmsu bankareikninga árið 1954 námu kr. 4.607.690.31, og gefur það ótvírætt bendingu um, að heildarviðskiptin það ár hafi verið mun meiri en bókhaldið ber með sér.“

Eins og þegar er drepið á hér að ofan, skýrði ákærði Kristján frá því, að lítt væri mark takandi á þeim upplýsingum, sem endurskoðandinn læsi út úr tékkaheftunum, sbr. nánar hér að ofan um skýrslu endurskoðandans varðandi ákærða Grétar Emil.

Þá var á það bent af hálfu ákærða Kristjáns, að í uppgjöri endurskoðandans varðandi víxilviðskiptin við Sparisjód Hafnarfjarðar séu taldir með framlengingarvixlar, en þess ekki getið í skýrslu endurskoðandans. Það sé því gefin röng mynd af víxilviðskiptunum. Sama megji segja um heildarinnborganir á hina ýmsu bankareikninga árið 1954. Þar séu innifaldir ýmsir liðir, er standi utan heildsölu ákærða Kristjáns, svo sem vegna húsakaupa hans. Þá sé því einnig til að dreifa, að upphæðir geti komið tvisvar eða oftár fram á heildarreikningnum. Peningar séu t. d. lagðir inn í Hafnarfirði, síðan teknir út og lagðir inn í Reykjavík.

XII.

Þykir nú nóg samlega hafa verið gerð grein fyrir framburðum ákærðu og annarra svo og öðrum gögnum máls þessa. Verður þá næst fyrir að vega og virða sönnunargildi gagna þessara og taka jafnframt afstöðu til ákæruskjals.

Með eigin játningu ákærða Stefáns Andreasar, sem fær nokkurn stuðning í framburði ákærða Grétars Emils og enn fremur í því, að hann hefur ekki getað gert, svo sem lög standa til, grein fyrir þeim gjaldeyrisyfirfærslum, sem mál þetta reis af, er nægilega sannað, að hann hafi selt allar dollaraávisanirnar, samtals að upphæð \$ 228.031.50, og þá fyrir kr. 22.00 hvern dollara. Með þessu hefur ákærði Stefán Andreas gerzt brotlegur við 2. mgr. 13. gr. laga nr. 70/1947 um Fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, og 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. reglugerðar nr. 82/1947 um Fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlagseftirlit, að því er varðar þær ávisanir, er hann seldi fyrir gildistöku laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjald-

eyrismála, fjárfestingarmála o. fl., þ. e. fyrir 1. janúar 1954, sbr. 15. gr. laga nr. 88/1953 og 28. gr. reglugerðar nr. 212/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o.fl. Að því er varðar ávísanir þær, er hann seldi eftir 1. janúar 1954, hefur ákærði Stefán Andreas brotið gegn 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953.

Þá þykir ákærði Stefán Andreas hafa brotið gegn 1. mgr. 146. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947 og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953, með hinum röngu skýrslum sínum í yfirfærslubeiðnunum, en hann hafði það að yfirvarpi, að hann ætlaði að flytja inn útgerðarvörur fyrir gjald-eyrinn.

Ákærði Stefán Andreas er einnig ákærður fyrir brot á 248. gr. almennra hegningarlaga. Að vísu var það svo, að ákærði Stefán vakti rangar hugmyndir hjá Útvegsbankanum með yfirfærslubeiðnum sínum og fékk bankann með því móti til að selja sér gjaldeyrinn, en hann hafði ekki fé af einum eða öðrum. Það er því hér ekki um fjársvik í skilningi 248. gr. hegningarlaganna að ræða. Ber því að sýkna ákærða Stefán Andreas af þessum lið ákærunnar.

Þá er ákærði Stefán enn fremur ákærður fyrir brot á 2. gr. analogice laga nr. 42/1948 um útflutning og innflutning á íslenskum og erlendum gjaldeyri. Í 2. gr. þessara laga segir svo: „Einstaklingar, sem búsettir eru hér á landi, mega hafa meðferðis til útlanda allt að 150 krónur í erlendum gjaldmiðli (seðlum og skiptimynt), enda sýni þeir tollyfirvöldum skilríki fyrir því, að gjaldmiðilsins hafi verið aflað á löglegan hátt.“

Eins og greinin ber með sér, á hún einvörðungu við þá, sem flytja með sér seðla eða skiptimynt, en ekki ávísanir, enda voru ávísanir þessar beinlínis gefnar út til þess að sendast til útlanda, þar sem þær skyldu hafnar verða. Það kom og berlega í ljós í umræðum á Alþingi um frumvarpið að lögum nr. 42/1948, að þessi skilningur, sem nú hefur verið gert grein fyrir, var lagður í lögin, því að flutningsmaður frumvarpsins lét orð falla í þá átt, að það, sem menn þyrftu að hafa með sér í erlendum gjaldeyri umfram það, sem leyft er með þessum lögum, skyldu þeir hafa með sér í ávísunum eða öðrum þeim gjaldeyri, sem bankarnir hafa farið höndum um, og þannig tryggt, að allt sé rétt. Löggjafinn hefur með öðru móti gert ráðstafanir til tryggingar því, að ekki sé misfarið með ávísanir þær, er bankar hér gefa út til greiðslu erlendis. Eru það ákvæðin um einkarétt ákveðinna aðila að verzlun með gjaldeyri hérlandis. Samkvæmt þessu ber því

að sýkna ákærða Stefán Andreas af broti á 2. gr. laga nr. 42/1948.

Með eigin játningu ákærða Stefáns Andreasar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er það sannað, að hann hafi ekki haldið bókhald í einni eða annarri mynd, en ákærði Stefán Andreas rekur heildsölu hér í bænum samkvæmt stórsöluleyfi frá 16. júlí 1943. Með þessu atferli sínu hefur hann brotið gegn 262. gr. almennra hegningarlaga og 1. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 62/1938 um bókhald.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og samkvæmt 1. mgr. 146. gr. og 262. gr. sömu laga, 20. gr., sbr. 19. gr. laga nr. 62/1938, 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947 og 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947, sbr. og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953, þykir refsing ákærða Stefáns Andreasar hæfilega ákveðin varðhald 6 mánuði.

Þar eð um miklar sakir er að ræða hjá ákærða Stefáni Andreasi, þykir rétt samkvæmt 11. gr. laga nr. 88/1953, 19. gr. laga nr. 62/1938 og 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga að svipta hann frá birtingu dóms þessa ævilangt leyfi til að reka stórsölu.

Sem fyrr getur, var ákærði Stefán Andreas sýknaður af ákær-unni um brot á 248. gr. hegningarlaga. Bæði það atriði svo og hitt, að verknaður sá, sem hann er sakfelldur fyrir, þykir ekki vera þess eðlis, að efni sé til að svipta hann réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga, og verður því krafa ákærvaldsins um réttindasviptingu samkvæmt nefndri hegningarlagagrein ekki tekin til greina.

Eins og áður er greint frá, nam hagnaður ákærða Stefáns Andreasar af dollarasölunni kr. 1.271.958.98, og er þá lagður til grundvallar útreikningi ágóðans eigin framburður ákærða Stefáns Andreasar um verð það, er hann seldi dollarana á. Er ekki ástæða til að draga í efa réttmæti þessarar játningar ákærða, sem fær að nokkru stuðning í framburði ákærða Grétars Emils, svo og hinum augljósa tilgangi ákærða Stefáns Andreasar að hafa sem mestar tekjur af þessum dollarasölum sínum. Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947, 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947, sbr. nú 11. gr. laga nr. 88/1953 og 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953, og 3. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 69. gr. hegningarlaga, ber að ákveða, að þessi ólöglegi hagnaður ákærða Stefáns Andreasar, að upphæð kr. 1.271.958.98, skuli gerður upptækur til ríkissjóðs.

Með eigin játningu ákærða Grétars Emils, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að hann hafi keypt dollara-ávísanir af ákærða Stefáni Andreasi fyrir kr. 22.00 hvern dollara og síðan selt nokkrum mönnum þær og þá oftast fyrir kr. 23.00

hvern dollara. Eins og ljóst er af atvikalýsingu málsins hér að framan, er algjörlega ósannað, hversu marga dollara ákærði Grétar Emil keypti. Sjálfur gizkaði hann í fyrstu á 40—50 þúsund dollara, en síðar lækkaði hann þessa upphæð niður í 30—37 þúsund dollara. Hvorki framburður ákærða Stefáns Andreasar um, að ákærði Grétar Emil hafi fengið um 220 þúsund dollara, né hinar miklu innborganir ákærða Grétars Emils inn á ávísanareikning sinn í Búnaðarbankanum sanna nokkuð um þetta, þótt þær hins vegar veiti nokkrar líkur fyrir því, að um hendur ákærða Grétars Emils hafi farið fleiri dollarar en hann vill vera láta. Ákærði Grétar Emil hefur og gefið allsennilega skýringu á þessum miklu innborgunum inn á ávísanareikninginn. Af þessum ástæðum, sem nú hafa verið greindar, verður ekkert sagt með vissu um hagnað ákærða Grétars Emils af dollarasölunni.

Ákærði Grétar Emil hefur með því að kaupa og selja dollara-ávísanirnar gerzt brotlegur við 1. og 2. mgr. 13. gr. laga nr. 70/1947, 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. reglugerðar nr. 82/1947, sbr. og nú 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 og 1. sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953.

Þá er nægilega sannað með eigin játningu ákærða Grétars Emils, að hann hafi um áramótin 1953 og 1954 keypt hér í bæ 30 til 40 dollara, sem hann sendi vestur til Bandaríkjanna. Með þessu atferli hefur ákærði Grétar Emil brotið gegn 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 og 1. sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953, svo og 2. gr. laga nr. 42/1948 per analogiam.

Hins vegar hefur ákærði Grétar Emil ekki gerzt brotlegur við lög nr. 42/1948 með því að senda eða stuðla að því, að dollara-ávísanirnar voru sendar utan. Gilda hér sömu ástæður og þær, er greint var frá hér að framan um ákærða Stefán Andreas, og verður því ákærði Grétar Emil sýknaður af þessum lið ákærunnar.

Enda þótt ákærði Grétar Emil hafi í rannsókn málsins nefnt tölur, er hann gizkar á, að séu hámark dollaraviðskipta sinna, verður eigi talið, að nægileg vissa sé fengin fyrir upphæð hins ólöglega hagnaðar hans af viðskiptunum, til þess að upptöku samkvæmt 3. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 69. gr. hegningarlaga verði beitt. Við ákvörðun refsingar ákærða Grétars Emils þykir hins vegar rétt að taka tillit til sennilegs ágóða hans af hinum refsiverðu dollaraviðskiptum og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947, 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947, sbr. nú 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953, svo og 7. gr. laga nr. 42/1948 þykir refsing ákærða Grétars Emils hæfilega ákveðin

kr. 75.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með eigin játningu ákærða Kristjáns Ágústssonar er sannað, að hann hafi á árunum 1954 og 1955 keypt dollaraávisanir af ákærða Grétari Emil fyrir kr. 23.00 hvern dollara og síðan selt ýmsum mönnum dollara fyrir kr. 23.00 til 25.00 hvern dollara. Um upphæð þeirra dollara, er ákærði Kristján keypti af ákærða Grétari Emil, gildir það sama og áður hefur verið rakið um ákærða Grétar Emil, að upphæðin er ósönnuð. Sjálfur taldi ákærði Kristján, að hann hefði keypt eitthvað á milli 11 og 16 þúsund dollara eða jafnvel eitthvað meira. Eins og ljóst er af atvikaýsingunni hér að framan um þátt ákærða Kristjáns, fundust engin þau gögn, er veittu óyggjandi upplýsingar um dollara viðskipti þeirra ákærða Grétars Emils og ákærða Kristjáns né heldur um upphæð þeirra dollara, er ákærði Kristján seldi, og þá við hvaða verði í öllum tilfellum. Að vísu bendir hið ameríska tékkahefti ákærða Kristjáns, samfara eigin framburði hans, til þess, að hann hafi selt um 20 þúsund dollara, en ekki verður það talið nægilega sannað.

Ákærði Kristján hefur með því að kaupa og selja dollara gerzt brotlegur við 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953.

Eins og fyrr er vikið að, reyndist bókhald ákærða Kristjáns, sem rekur heildsölu samkvæmt leyfi, dags. 10. september 1952, nokkuð ábótavant, þar sem hann hafði m. a. ekki fært lögskyldar bækur yfir viðskipti ársins 1953 og 1955, og bókhaldi yfir viðskipti ársins 1954 var áfátt. Hafði hann haldið mestum hluta bankaviðskipta utan bókhaldsins. Með þessu atferli sínu hefur ákærði Kristján brotið gegn 262. gr. almennra hegningarlaga og 1. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 62/1938.

Ákærði Kristján er ákærður fyrir brot á 2. gr. analogice laga nr. 42/1948 fyrir að hafa flutt úr landi ávisanirnar, sem hann keypti af ákærða Grétari, og enn fremur að hafa stuðlað að því, að þeir, er hann seldi dollaraávisanir, flyttu þær úr landi. Um þenna lið ákærunnar gildir það sama, sem áður hefur verið skýrt frá varðandi ákærða Stefán Andreas. Af þeim ástæðum, er þar greinir, verður ákærði Kristján sýknaður af ákærunni um brot á lögum nr. 42/1948.

Eins og þegar hefir verið greint frá, er ekki vitað með nokkurri nákvæmni um upphæð dollara þeirra, er ákærði Kristján seldi, og því ekki heldur um ólöglegan ágóða hans af dollarasölunni.

Verður því eigi unnt að beita upptöku samkvæmt 3. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 69. gr. hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar ákærða Kristjáns þykir hins vegar rétt að taka tillit til sennilegs hagnaðar hans af dollaraviðskiptunum og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og samkvæmt 262. gr. sömu laga, 20. gr., sbr. 19 gr. laga nr. 62/1938, 11. gr. laga nr. 88/1953 og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953 þykir refsing ákærða Kristjáns hæfilega ákveðin kr. 60.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 6 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þess var krafizt í ákæruskjali, að ákærði Kristján yrði sviptur leyfi til stórsölu og smásölu, en hann hafði fengið smásöluleyfi þann 23. nóvember 1951. Ekki þykir brot ákærða Kristjáns svo stórfellt, að næg efni séu til að svipta hann þessum réttindum. Verður því þessi liður ákærunnar ekki tekinn til greina.

Með eigin játningu ákærða Stefáns Ólafs Gíslasonar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að hann hafi keypt dollaraávísanir af ákærða Grétari Emil og ákærða Kristjáni beggja vegna áramótanna 1954 og 1955, samtals að upphæð rösklega 2500 dollara. Með þessu atferli sínu hefir ákærði Stefán Ólafur brotið gegn 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953.

Af sömu ástæðum og áður getur um ákærða Stefán Andreas, verður ákærði Stefán Ólafur eigi dreginn til ábyrgðar fyrir að hafa flutt dollaraávísanirnar úr landi og því sýknaður af þeim lið ákærunnar, er lýtur að ætluðu broti hans á lögum nr. 42/1948. Ákærði Stefán Ólafur flutti engan gjaldeyri út.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953 þykir refsing ákærða Stefáns Ólafs hæfilega ákveðin kr. 5000 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með eigin játningu ákærða Tómasar Kristjánssonar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að hann keypti í marz 1955 af ákærða Grétari Emil röska 2000 dollara fyrir ákærða Leif Böðvarsson. Ákærði Leifur er því hinn raunverulegi kaupandi, en ákærði Tómas er aðeins meðalgöngumaður. Enn fremur er sannað með sama hætti, að ákærði Tómas keypti í maímánuði 1955 af ákærða Grétari Emil aðra dollaraávísun, að upphæð tæpir 2000 dollarar. Hluta af þessari upphæð, eða um 600 til 700 dollara, keypti ákærði Tómas fyrir ákærða Leif, sem er því einnig í þessu tilviki hinn raunverulegi kaupandi, en ákærði

Tómas aðeins meðalgöngumaður. Hins vegar keypti ákærði afganginn af þessum tæpum tvö þúsund dollurum fyrir sjálfan sig og er í því tilviki hinn raunverulegi kaupandi.

Með því að kaupa þessa dollara fyrir sjálfan sig hefur ákærði Tómas gerzt brotlegur við 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953. Þá hefur hann með hlutdeild sinni í því að koma á dollaraviðskiptunum milli ákærða Grétars Emils og ákærða Leifs brotið gegn 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953, sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga samkvæmt lögjöfnun.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953 þykir refsing ákærða Tómasar hæfilega ákveðin kr. 3000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Tómas er ákærður fyrir að hafa brotið gegn lögum nr. 42/1948. Um hann gildir sama og aðra meðákærðu, að hann hefur ekki brotið gegn þessum lögum og verður því sýknaður af þessum lið ákærunnar.

Með eigin játningu ákærða Leifs Böðvarssonar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er fengin sönnun þess, að hann var kaupandi að dollurum af ákærða Grétari Emil, að upphæð um 2000 til 3000 dollarar. Með þessu hefur ákærði brotið gegn 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953 þykir refsing ákærða Leifs hæfilega ákveðin kr. 5000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða Leifi er gefið að sök í ákæruskjali, að hann hafi brotið gegn lögum nr. 42/1948. Hann hefur ekki brotið gegn þessum lögum, sbr. það, sem áður segir um þetta atriði, og ber því að sýkna hann af þessum lið ákærunnar.

Með eigin játningu ákærða Péturs Hafliða Ólafssonar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að hann keypti 170 dollara ávísun af ákærða Kristjáni vorið 1955. Með þessu hátterni sínu hefur ákærði brotið gegn 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953 þykir refsing ákærða Péturs Hafliða

hæfilega ákveðin kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Pétur Hafliði, sem er einnig ákærður fyrir brot á lögum nr. 42/1948, flutti ekki gjaldmiðil út úr landinu, og gildir því sama um hann og aðra meðákærðu, að hann hefur ekki brotið gegn lögum nr. 42/1948 og verður því sýknaður af þessum lið ákærunnar.

Með eigin játningu ákærða Gerhards Olsens, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að hann hafi keypt 2000 dollara af ákærða Kristjáni sumarið 1955. Með þessu hefur ákærði Gerhard brotið gegn 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr. sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953 þykir refsing ákærða Gerhards hæfilega ákveðin kr. 4000 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með eigin játningu ákærða Edwards Kristins Olsens, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að hann hafi sumarið 1955 keypt af ákærða Kristjáni 2000 dollara. Með þessu hefur ákærði Edward Kristinn brotið gegn 1. mgr. 3. gr., sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr., sbr. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953. Samkvæmt hinum tilvitnuðu lagaákvæðum þykir refsing ákærða Edwards Kristins hæfilega ákveðin kr. 4000 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ekki eru taldar nægar sannanir framkomnar fyrir því, að ákærði Edward Kristinn hafi að auki keypt 800 dollara af ákærða Kristjáni, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali. Ber því að sýkna hann að þessu leyti.

Þá eru þeir ákærðu Gerhard og Edward Kristinn ákærðir fyrir brot á lögum nr. 42/1948. Af sömu ástæðum, sem gilda um aðra meðákærðu varðandi þenna lið ákærunnar, er það álit dómsins, að ákærðu Gerhard og Edward Kristinn hafi eigi brotið gegn þessum lögum, og ber því að sýkna þá einnig af þessum lið ákærunnar.

Með eigin játningu ákærða Magnúsar Bjarnasonar og ákærða Margrétar Dagbjartar Bjarnadóttur er sannað, að ákærði Magnús keypti fyrir ákærða Margréti Dagbjörtu af ákærða Kristjáni um 1500 dollara sumarið 1955. Ákærði Margrét Dagbjört var því hinn raunverulegi kaupandi dollaranna, en ákærði Magnús aðeins meðalgöngumaður. Með þessu atferli sínu hefur ákærði Margrét

Dagbjört brotið gegn 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953. Samkvæmt 1. mgr., sbr. 11. gr. síðastnefndra laga og 2. mgr. 27. gr. nýnefndrar reglugerðar þykir refsing ákærða Margrétar Dagbjartar hæfilega ákveðin kr. 3000 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Magnús þykir með hlutdeild sinni í að koma á þessum dollaraviðskiptum milli ákærða Kristjáns og ákærða Margrétar Dagbjartar hafa brotið gegn 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 og 1. sbr. 3 mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 212/1953, sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga samkvæmt lögjöfnun.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953 þykir refsing ákærða Magnúsar hæfilega ákveðin kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu Magnús og Margrét Dagbjört eru bæði ákærð fyrir brot á lögum nr. 42/1948. Af sömu ástæðu, sem um aðra meðákærðu, er það álit dómsins, að þau hafi ekki gerzt brotleg við þessi lög, og ber því að sýkna þau af þessum lið ákærunnar.

Með eigin játningum ákærða Jónasar Thoroddsens og ákærða Einarar Egilssonar, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að ákærði Jónas keypti af ákærða Kristjáni 2000 dollaraávísun fyrir ákærða Einar Egilsson, sem var því hinn raunverulegi kaupandi, en ákærði Jónas var aðeins meðalgöngumaður. Með þessari hlutdeild sinni í því að koma á þessum dollaraviðskiptum hefur ákærði Jónas gerzt brotlegur við 1. mgr. 3. gr. sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr., sbr. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953, sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga samkvæmt lögjöfnun. Samkvæmt þessum tilvitnuðu lagaákvæðum þykir refsing ákærða Jónasar hæfilega ákveðin kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Einar Egilsson hefir með kaupunum á dollaraávísuninni brotið gegn 1. mgr. 3. gr., sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 88/1953 og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 13. gr., sbr. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 212/1953. Þykir refsing hans samkvæmt þessum lagaákvæðum hæfilega ákveðin kr. 4000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá er þeim ákærðu Jónasi og Einari gefið að sök brot á lögum nr. 42/1948. Af sömu ástæðum, sem áður greinir, verður eigi séð, að þeir hafi brotið þessi lög, og ber því að sýkna þá af þessum lið ákærunnar.

Hver hinna ákærðu, er fékk sér skipaðan verjanda, er dæmdur til að greiða málsvarnarlaun sem hér segir:

Ákærði Stefán Andreas greiði verjanda sínum, Ragnari Ólafssyni hrl., málsvarnarlaun, er þykja hæfilega ákveðin kr. 3000.00. Ákærði Grétar Emil Ingvason greiði skipuðum verjanda sínum, Sigurði Ólasyni hrl., málsvarnarlaun, er þykja hæfilega ákveðin kr. 3000.00. Ákærði Kristján Ágústsson greiði skipuðum verjanda sínum, Ragnari Jónssyni hrl., málsvarnarlaun, er þykja hæfilega ákveðin kr. 3000.00. Ákærði Stefán Ólafur Gíslason greiði skipuðum verjanda sínum, Guðjóni Hólm hdl., málsvarnarlaun, er þykja hæfilega ákveðin kr. 2000.00. Ákærði Tómas Kristjánsson og ákærði Leifur Böðvarsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Baldvins Guðmundssonar hrl., er hæfilega þykja ákveðin kr. 2000.00. Ákærðu Gerhard og Edward Kristinn Olsen greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns N. Sigurðssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 2000.00.

Endurskoðunarkostnað í máli þessu greiði ákærðu Stefán Andreas Pálsson, Grétar Emil Ingvason og Kristján Ágústsson in solidum.

Allan annan sakarkostnað greiði þessir sömu ákærðu in solidum af $\frac{4}{5}$ hlutum, en $\frac{1}{5}$ hluta greiði hin ákærðu öll in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Stefán Andreas Pálsson sæti varðhaldi 6 mánuði og er sviptur stórsöluleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa. Ólöglegur hagnaður hans, að upphæð kr. 1.271.958.98, er upptækur gerður til ríkissjóðs.

Ákærði Grétar Emil Ingvason greiði kr. 75.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Kristján Ágústsson greiði kr. 60.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 6 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Stefán Ólafur Gíslason greiði kr. 5000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Tómas Kristjánsson greiði kr. 3000.00 í sekt til ríkis-

sjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Leifur Böðvarsson greiði kr. 5000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Pétur Hafliði Ólafsson greiði kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Gerhard Olsen greiði kr. 4000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Edward Kristinn Olsen greiði kr. 4000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Magnús Bjarnason greiði kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Margrét Dagbjört Bjarnadóttir greiði kr. 3000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Jónas Thoroddsen greiði kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Einar Egilsson greiði kr. 4000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Stefán Andreas Pálsson greiði skipuðum verjanda sínum, Ragnari Ólafssyni hrl., málsvarnarlaun, að upphæð kr. 3000.00. Ákærði Grétar Emil Ingvason greiði skipuðum verjanda sínum, Sigurði Ólafssyni hrl., málsvarnarlaun, að upphæð kr. 3000.00. Ákærði Kristján Ágústsson greiði skipuðum verjanda sínum, Ragnari Jónssyni hrl., málsvarnarlaun, að upphæð kr. 3000.00. Ákærði Stefán Ólafur Gíslason greiði skipuðum verjanda sínum, Guðjóni Hólmi hdl., málsvarnarlaun, að upphæð kr. 2000.00. Ákærðu Tómas Kristjánsson og Leifur Böðvarsson greiði in solidum skipuðum verjanda sínum, Einari Baldvini Guðmundssyni hrl., málsvarnarlaun, að upphæð kr. 2000.00. Ákærðu Gerhard og Edward Kristinn Olsen greiði in solidum skipuðum verjanda sínum, Jóni N. Sigurðssyni hrl., málsvarnarlaun, að upphæð kr. 2000.00.

Ákærðu Stefán Andreas Pálsson, Grétar Emil Ingvason og Kristján Ágústsson greiði in solidum endurskoðunar-kostnað vegna máls þessa. Allan annan sakarkostnað greiði þessir sömu ákærðu in solidum að $\frac{4}{5}$ hlutum, en $\frac{1}{5}$ hluta greiði hin ákærðu öll in solidum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 29. nóvember 1957.

Nr. 169/1956. Jóhann og Hans Steinasynir
 gegn
 Dánarbúi Sigurðar Oddssonar.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjendur, Jóhann og Hans Steinasynir, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. nóvember 1957.

Nr. 127/1957. Gunnar Jónsson
 gegn
 Ís h.f., Kópavogi.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Gunnar Jónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.